

Ed. **29, Frumvarp til laga** [10. mál]
um breyting á lögum um samkomudag reglulegs Alþingis nr. 3 14. febrúar 1967.

(Lagt fyrir Alþingi á 95. löggjafarþingi 1974.)

1. gr.

Við lögin bætist svo hljóðandi bráðabirgðaákvæði:

Reglulegt Alþingi 1974 skal koma saman þriðjudaginn 29. október, hafi forseti Íslands eigi tiltekið annan samkomudag fyrr á árinu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Eins og kunnugt er hefur aukabing setið að störfum síðan 18. júlí 1974 og ríkisstjórn varð ekki mynduð fyrr en 28. ágúst s. l.

Tími gefst því ekki til að undirbúa ýmis mál fyrir reglulegt þing 10. október n. k.